

# fyrir nýrnasjúk börn

## REYKJAVÍKURMARAFON

Allur ágóði af næsta Reykjavíkumaraþoni rennur til styrktar nýrnasjúkum börnum

Laugardaginn 20. ágúst nk. verður næsta Reykjavíkumaraþon og við skorum félagsmenn og aðra velunnara að styðja við þetta góða málefni

Það er hægt með tvennum hætti:

- a) taka þátt í hlaupinu og safna áheitum á sjálfan sig
- b) heita á þá sem taka þátt

### NÁNARI UPPLÝSINGAR:

Áheitavefurinn [www.hlaupastyrkur.is](http://www.hlaupastyrkur.is) er mjög einfaldur og notendavænn. Hlauparar sem vilja safna áheitum á vefnum þurfa að byrja á því að skrá sig í hlaupið á [www.marathon.is/reykjavikumaraton](http://www.marathon.is/reykjavikumaraton). Síðan skrá þeir sig inná [www.hlaupastyrkur.is](http://www.hlaupastyrkur.is) þar sem hægt er að setja inn myndir, hvetja vini og vandamenn til að heita á sig o.fl. Hver sem er getur heitið á skráða hlaupara á [www.hlaupastyrkur.is](http://www.hlaupastyrkur.is). Hægt er að greiða áheit með kreditkorti eða með því að senda sms skilaboð

Ábyrgðarmaður: Jórunn Sörense

# nýrað

## FRÉTTABRÉF

3. tbl. 24. árg. júlí 2011

### Meðal efnis:

REYKJAVÍKURMARAFON

AFREK VALDÍSAR

GJAFIR Á SKILUNARDEILD

OPIÐ HÚS



Valdís Arnadóttir komin í mark eftir hálf t maraþon

### Félag nýrnasjúkra

Hátuni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244  
netfang: [nyra@nyra.is](mailto:nyra@nyra.is) – vefsíða: [nyra.is](http://nyra.is)



## Kæru félagar

Margt hefur gerst síðan síðasta fréttabréf fór til félagsmanna í maí sl. Þar ber hæst stórar gjafir til skilunardeildar. Á 25-ára afmælisári félagsins ákvað stjórnin að gefa eina milljón króna upp í kaup á blóðskilunarvél. Í sama tilgangi sótti félagið um styrk til Pokasjóðs. Síðan fær félagið þau skilaboð frá Valdísi Arnardóttur að hún sé búin að skrá sig til þátttöku í maraþoni í Luxemborg, ætli að hlaupa hálf tón og safna áheitum til kaupa á blóðskilunarvél. Þetta er félagsmönnum vel kunnugt því allir fengu bréf þess efnis og einnig var hlaup Valdísar auglýst víða á Landspítalanum sem og á heimasíðu félagsins.

Valdís vann mikið afrek – hún hljóp vegalengdina á undir tveimur klukkustundum og safnaði 600 þúsund krónum. Og á sama tíma tilkynnti Pokasjóður að umsókn félagsins um styrk til kaupa á blóðskilunarvél hefði verið samþykktur. Það var Hannesi Þórisssyni ritara félagsins mikil ánægja að afhenda Runólfi Pálssyni yfirlækni og Selmu Maríusdóttur starfandi deildarstjóra skjal sem staðfesti að félagið gefur skilunardeild andvirði tveggja blóðskilunarvéla.

Ólafur Skúli Indriðason nýrnalæknir lét ekki sitt eftir liggja í þessari söfnun en hann tók upp á því að verða fimmtugur. Harðneitaði afmælisgjöfum en óskaði eftir að söfnun upp í blóðskilunarvél yrði styrkt. Það skilaði miklum árangri.

Það er ómetanlegt þegar einstaklingar og fyrirtæki leggja félaginu lið eins og sést á framtaki Valdísar og Ólafs Skúla. Verkefni félagsins eru bæði mörg og mikilvæg en tekjur félagsins litlar. Þar bætir aukning á félagafjölda en félögum hefur fjölgað rúmlega 100% frá 2008. Ég beini því til félagsmanna að stuðla að fjölgun í félaginu. Enn eru þeir miklu fleiri nýrnasjúklingarnir sem eru utan félagsins en innan. Stærri félag er sterkara félag sem getur gert meira fyrir nýrnasjúka.

Jórunn Sörensen

**NOTIÐ MINNINGARKORT OG HEILLASKEYTI  
FÉLAGSINS OG STYRKIÐ NÝRNASJÚKA**  
Afgreiðsla í síma félagsins 561-9244

## OPIÐ HÚS Á ÞRIÐJUDÖGUM

Ákveðið hefur verið að hafa

**opið hús á þriðjudögum frá klukkan 17 – 19**

í húsnæði Þjónustuseturs líknarfélaga á 9. hæð í Hátúni 10b þar sem félagið hefur aðstöðu.

Þangað eru allir félagar velkomnir í notalegt spjall sem og þeir sem vilja kynnast starfi félagsins. Ekki síst beinum við orðum okkar til þeirra sem nýlega hafa greinst með nýrnasjúkdóm eða eru að bíða eftir ígræðslu.

Heitt á könnunni.

**Fyrsta opna húsið verður þriðjudaginn 16. ágúst nk.**



## BASARHÓPUR

Eins og við gerðum 2009 mun BASARHÓPURINN stefna að því að hittast reglulega fram að basarnum sem verður í Kringlunni laugardaginn 12. nóvember.

Það er tilvalið að slá þeim hittingi saman við opna húsið á þriðjudögum klukkan 17 – 19. Þá mæta þær/þeir sem hafa tök á með þrjóna, spjall og góðar hugmyndir. Að sjálfsögðu verður heitt á könnunni.

Allar nánari upplýsingar í síma félagsins 561-9244.